

1. fundur faghóps um starfsaðstæður í leikskólum haldinn þann 25. október 2018.

Mættar: Inga Fríða Tryggvadóttir, Hulda Snæberg Hauksdóttir, Ásgerður Kristjánsdóttir, Linda Björk Halldórsdóttir Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, Fanney Dórothe Halldórsdóttir.

- Ákveðið að funda annan hvern fimmtudag kl. 11-12.30 í Langeyri. Áætlað er að hópurinn ljúki störfum í lok mars 2019.
- Hópurinn fór yfir erindisbréfið og hver og einn sagði frá sínum væntingum og óskum um áherslum varðandi vinnuna framundan. Helstu atriðin sem voru nefnd:
 1. Vinnan sem var hjá hinum starfshópnum hafi verið góð og skilað miklu og margt sem búið er að forvinna sem auðveldar síðan framhaldið. Mikilvægt að halda þeirri vinnu á lofti og segja meira frá henni. Þær breytingar sem voru gerðar í haust hafa skilað sér í ánægðara starfsfólki að mati fundarmanna sbr. rýmið og nálgunin á dögnum milli jóla og nýárs.
 2. Hvernig höldum við fólkinu í leikskólanum. Mikilvægt að hópurinn skoði leiðir til að efla nýliðun, halda í þá leikskólakennara sem eru til staðar, fá leikskólakennara aftur til starfa á leikskólastiginu.
Vistunartími barna er stórt mál sem þarf að ávarpa og upplýsa samfélagið um.
- Rætt hvernig við myndum forgangsraða vinnunni og hópurinn er sammála um fyrst sé það:
 - Vinnutími starfsfólks verði sambærilegur því sem er á öðrum skólastigum, að vinnutíminn geti verið aðlaðandi þannig að eftirsóknarvert verði að vinna í leikskóla. Samt ekki spennandi kostur að allt fagfólk hætti t.d kl. 14 á daginn yrði að skipuleggja öðruvísi. Óskastaðan væri að hafa jólafrí, páskafrí og vetrarfrí
 - Þróun vistunartíma hjá börnum. Tengslaraskanir sem hanga saman við vanda barna og unglunga síðar á lífsleiðinni. Þetta viðkvæma aldurskeið, 1001 dagur, þar sem ummönnum barna skiptir sköpum um velferð þess sem annast það. Þetta tímabil leggur grunninn að persónuþroska og heilsufari til framtíðar.
 - Hópurinn ræddi um að halda málþing m.a um tillögur sem nefndar eru í erindisbréfi.
Fræðigreinar og fræðimenn sem nefndir voru í þessu samhengi voru m.a Kristín Dýrfjörð, Sæunn Kjartansdóttir, Anna María Jónsdóttir og fleiri.

Fundi slitið 11:55

Jenný ritaði fundargerð



HAFNARFJÖRÐUR